

Guðný Zoëga  
Bryndís Zoëga  
Guðmundur St. Sigurðarson

# Fornleifarannsókn í Skagabyggð





© Guðný Zoëga/Byggðasafn Skagfirðinga  
2009/92

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Höskuldsstaðir á Skagaströnd.....	2
Hof á Skagaströnd.....	8
Tjörn á Skaga .....	11
Selvíkurtangi í Kaldranalandi .....	15
Niðurstöður/samantekt .....	18
Heimildir: .....	20

## **Inngangur**

Dagana 14-23 september 2009 fór fram fornleifarannsókn á nokkrum völdum stöðum í Skagabyggð. Rannsóknin var styrkt af Menningarráði Norðurlands vestra. Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga hefur síðastliðin tvö ár unnið að fornleifaskráningu sveitarfélagsins Skagabyggðar í tengslum við aðalskipulag. Fjöldi minja hefur nú þegar verið skráður og mældur upp með nákvæmum mælingatækjum og er afraksturinn að finna í skráningarskýrslum sem þegar hafa komið út. Ákveðið var að ráðast í frekari rannsóknir á völdum minjum til að reyna að ákvarða nánar aldur þeirra og gerð. Staðirnir sem urðu fyrir valinu voru verbúðarminjar í landi Kaldrana sem eru byrjaðar að skemmast vegna sjávargangs, leifar meintrar nautaréttar og fornar byggðaleifar við Laxárvatn í landi Tjarnar, svokallaður dómhringur í Hofstúni og byggðaleifar í Stekkjarhvammi í landi Höskuldsstaða.

Sömu rannsóknaraðferð hefur verið beitt með góðum árangri undanfarin ár á skagfirskum minjastöðum í tengslum við ritun Byggðasögu Skagafjarðar. Teknir eru könnunarskurðir í útveggi tófta og túngarða og gjóskulög síðan notuð við greiningu á aldri þeirra. Einnig er stuðst við niðurstöður úr borkjörnum og nýtast þeir bæði við aldursgreiningar tófta og við athugun á því hvort um íveruhús manna, útihús eða einhverskonar gripa aðhald sé að ræða.


Rannsóknin var unnin af starfsmönnum Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga. Landeigendum kunnum við þakkir fyrir góðfúslegt leyfi til rannsókna.

## **Höskuldsstaðir á Skagaströnd**

### **Fornbýli í Stekkjarhvammi/Fitjarkot**

Við vettvangsskráningu í Höskuldsstaðalandi sumarið 2008 fundust umtalsverðar fornleifar í Stekkjarhvammi við Laxá. Tóftirnar eru um 20 og túngarður liggur á hvammbrúninni norðan og austan tóftanna. Elsta heimild sem getur minja í Stekkjarhvammi er í sýslu- og sóknarlýsingum en þar segir: „Við Laxá neðanverða heitir Staðarhvamur eða Staðarstökkjarhvamur, og eru þar rústir allmiklar. Segja menn, að staðurinn muni hafa staðið þar í öndverðu, en síðan hjáleiga, og síðast hafi þar stekkur verið“ (SS, 148). Er þetta mjög dregið í efa í örnefnaskrá Höskuldsstaða en þar er getið um stekkjartóftir í hvamminum: Segja munnmæli jafnvel, að Höskuldsstaðabær hafi áður staðið efst í Stekkjarhvammi, en engar líkur benda til þess, að svo hafi verið. Líklega ágiskun og ekki gömul, dregin af hinum miklu stekkjarrústum“ (ÖH, 4). Í jarðabók Árna og Páls er getið um Fitjarkot, hjáleigu frá Höskuldsstöðum sem sögð var reist í kringum 1660 og verið í ábúð í um 10-12 ár. Ekki er kotið þekkt annars staðar í landi Höskuldsstaða og má því vel vera að þarna sé um sama býli að ræða.

Ljóst er af minjunum í hvamminum að þar hefur verið búið á einhverjum tíma og að líkindum á fleiri en einu tímabili. Yngstu minjarnar í hvamminum eru af stekkjum og réttum og er nafnið væntanlega dregið af þeim. Hvort að munnmæli í sýslu- og sóknarlýsingum séu rétt að býlið hafi staðið þarna áður og síðar hjáleiga verður ekki sannreynt nema með frekari rannsóknum en ljóst er að ábúð hefur verið í hvamminum áður en þar var stekkjad.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af minjum í Stekkjarhvammi. Númerin eru úr fornleifaskráningarskýrslu sem kom út 2008 og er þar að finna viðeigandi lýsingu á tóftunum.

Vettvangsferð var farin að Höskuldsstöðum í Skagabyggð þann 14. September 2009. Teknir voru tveir skurðir í meintan túngarð í svokölluðum Stekkjarhvammi suðvestanvert í landi jarðarinnar norðan Laxár. Einnig voru teknir borkjarnar í nokkrar tóftir innan garðsins. Túngarðurinn liggur eftir brekkubrún ofan hvammsins og liggur hann að hluta í mýri og er þar ógreinlegastur.

*Skurður 1:*

Skurður 1 var tekinn í túngarðsvegginn austanverðan þar sem hann er hvað greinilegastur á austurbrún brekkunnar ofan hvammsins. Garðurinn hefur að hluta sigið til vesturs niður brekkuna. Skurðurinn var 1,5m langur og um 50cm breiður. Vestast í skurðinum kom fram torfveggur um 25cm þar sem hann var þykkastur. Hann virðist hafa verið hlaðinn ofan á náttúrulega hæð eða hrygg. Torfið í garðinum var einsleitt og eina gjóskan sem greinileg var í því voru þykkar linsur af hvítri fremur grófkornóttri gjósku – líklega 1104 (þarf að athuga betur).




Mynd 2. Torf með H1104 í könnunarskurði 1.

Ekki var hægt að greina merki endurbygginga í þessum hluta garðsins. Neðst í skurðinum austanverðum var 1104 óhreyft en önnur gjóska var ekki greinileg hvorki ofan garðs né neðan.

### Höskuldsstaðir - Stekkjarhvammur

#### Austur skammsnið skurðar 2

14.09.2009  
Teikn.: GZ



#### Skurður 2:

Annar skurður var tekinn í vegg og gólf tóftar sem byggð hefur verið upp við túngarðinn austanverðan. Útlit tóftar bendir til að hún sé samtíða garðinum en ólíkt honum hefur veggur hennar ekki skriðið fram. Skurðurinn var 2x0,5m og lá austur-vestur. Stæðilegur torfveggur kom fram í austurenda skurðar en augljóst var að skurðurinn hefur verið tekinn í dyragátt, en veggurinn norðan gáttarinnar sást þó í skurðinum. Torfið innihélt þykkar linsur af hvítri grófkornóttri gjósku, líklega 1104. Smávægilegir flekkir af H3 var líka að finna í torfinu auk dökkra lífrænna laga en önnur gjóska var ekki greinanleg. Dálítið torf hefur hrunið til suðurs inn í dyragáttina. Um 20-25cm ofan þess lá svört þunn gjóska, um 3cm undir grasnót. Hún hefur fallið ofan í mishæð líklega á milli þúfna og er hvergi annarsstaðar greinileg í skurðinum. Gjóskan kann að vera úr Heklu 1693 eða 1766 en meiri líkur eru til að hún tilheyrir síðara gosinu. Ekkert gólfslag var greinanlegt í skurðinum. Tóftin og túngarðurinn liggja þarna í mýrlendi og var mýrarjarðvegur beint undir tóftarveggnum. Jarðlög voru einnig mjög mýrarkennd í skurðinum.

#### Túlkun:

Veggurinn er hlaðinn eftir 1104 en fallinn löngu fyrir 18. öld. Sé litið til þess hve þykkar linsur af 1104 er að finna í torfinu má áætla að það sé tekið ekki ýkja löngu eftir að sú gjóska

féll. Jarðvegsþykknun á milli torfsins og svörtu gjóskunnar neðst í grasrót bendir til að töliverður tími hafi liðið frá því að tóftin fór úr notkun þangað til að svarta gjóskan féll.



Mynd 3. Horft til vesturs frá skurði 1 í túngarð, yfir minjar í Stekkarhvammi.

### **Kjarnabor – jarðlagalýsingar**

**K1:** N581409,143 A442678,471


Tekinn í tóft upp við túngarðinn austanverðan. Tekinn í gólf tóftar. Um 17cm undir grasrót liggur svört gjóska, um 0,5cm að þykkt. Á 20cm kafla neðan hennar var fokmold með dreif af ljósri gjósku. Neðan þess lags var blautur mýrarjarðvegur. Engar leifar gólflags fundust.

**K2:** N581411,649 A 442678,734

Tekinn í vegg tóftar uppi við túngarð (sama og K1) Grasrót var um 10cm á þykkt og 30cm neðan hennar kom torfveggur fram um 50cm hár. Í torfinu voru þykkar linsur af mjög ljósri grófri gjósku.

**K3:** N581383,926 A442686,385

Var tekinn austast í túngarðinn þar sem hann virtist hæstur og best afmarkaður. Um 10cm undir grasrót kom fram um 10cm lag af rótuðu torfi með grófri ljósri gjósku en undir því lagi var náttúrulegur mýrarjarðvegur. Túngarðurinn hefur líklega fallið til vesturs niður brekkuna.



Mynd 4. Yfirlitsmynd sem sýnir staðetningu kjarnabora í Stekkjarhvammi.

**K4:** N581384,003 A442687,001

Tekinn í þúfnaröð austan túngarðs. Einungis voru náttúruleg lög í kjarnanum.

**K5:** N581380,442 A442688,422

Tekinn í syðsta enda túngarðs þar sem hann beygir fram á klettanef. Um 25cm undir grasrót kom fram um 15cm þykkt torflag með mjög niðurbrotnu og ógreinilegu torfi.

**K6:** N581362,120 A442468,526

Tekinn í vegg þeirrar tóftar í hvamminum sem helst líktist bæjarhúsum (nr. 37 á yfirlitsmynd). Um 15cm undir grasrót kom fram torfveggur með þunnum linsum af ljósri gjósku. Veggurinn var alls um 20cm á þykkt en undir honum komu náttúruleg lög.

**K7:** N581365,725 A442470,849

Kjarninn var tekinn í vestanvert í vegg tóftar vestast í hvamminum sem einna helst líktist bæjarhúsum (nr. 37 á yfirlitsmynd). Beint undir grasrót var torf með þykkum linsum af ljósri grófkornóttri gjósku. Veggurinn er 40cm þykkur. Á 50cm dýpi var náttúrulegur mýrarjarðvegur.

**K8:** N581362,190 A442470,464

Kjarninn var tekinn í gólf austasta hólfis tóftar vestast í hvamminum sem virtist mest líkjast bæjarhúsum (nr. 37 á yfirlitsmynd). Um 10cm undir grasrót var rótað fokmoldarlag með



örlíttilli koladreif. Á 25cm dýpi var gráleitt feitt lag, líklega gólflag en ekki mjög þjappað. Engin kol eða móaska voru í gólfluginu. Þetta lag var um 8cm áð þykkt. Undir því var mjög rótað lag á um 20cm kafla en undir því náttúruleg jarðlög.

**K9:** N581358,265 A442467,368

Tekinn í gólf inni í vestustu tóftinni sem mest líktist bæjarhúsum, í miðhólfinu af þremur (nr. 37 á yfirlitsmynd). Um 10cm undir grasrót var 20cm þykkt lag af fokjarðvegi. Undir því var um 10cm þykkt torflag með linsum af ljósri gjósku. Undir því var svo óhreyft á 50cm dýpi. Ekki fundust nein merki gólflags eða aðrar menjar um mannvist.

**K10:** N581356,070 A442464,560

Tekinn í gólf vestasta hólfis tóftar 37 á yfirlitsmynd. Um 15cm undir grasrót var 18cm þykkt lag með rótuðu torfi og flygsum af ljósri gjósku. Undir torfinu var svo náttúrulegur jarðvegur og komið niður á grjót á 75cm dýpi.

**K11-17:** (sjá yfirlitsteikningu) Nokkrir kjarnaborar voru svo teknir utan tófta til að leita merkja um mannvist svo sem leifar móösku og kola sem búast má við á og umhverfis bæjarstæði. Ekkert slíkt fannst í neinum kjarnanna.

**Túlkun:** Allir borkjarnar og skurðir bentu til að byggð eða nytjun hafi hafist í Stekkjarhvammi eftir 1104. Á tveimur stöðum komu fram vísbendingar um svarta gjósku sem líklega er Hekla 1766 en gæti þó verið Hekla 1693. Túngarður og ein tóftanna (nr. 37) á svæðinu voru töluvert eldri en sú gjóska. Óljósar vísbendingar voru um mannvist í tóft nr. 37 á yfirlitsmynd og túngarðurinn umhverfis hvamminn bendir til að þar hafi einhveratímann verið byggð. Óvíst er þó að sú byggð hafi verið langvinn en flestar minjarnar á svæðinu virðast vera stekkir, útihús eða gripheldi einhverskonar. Þarna hefur því líklega til forna verið býli sem en staðurinn síðar verið nytjaður um aldir á annan hátt. Túngarðurinn virðist vera of gamall til að geta tilheyrt Fitjarkoti sem getið er í jarðabókinni.

Upphækkun nr. 48 á yfirlitsmyndinni er hvað líkust því að þar geti verið bæjarhóll en engin merki kola eða móösku fundust umhverfis hann. Þar hefur þó verið byggð stekkjartóft ofan á og því kunna frekari ummerki um mannvist að hafa legið of djúpt fyrir kjarnaborinn.

## Hof á Skagaströnd

### Rannsókn á „Dómhring.“


Í örnefnaskrá Hofs á Skagaströnd sem rituð er af Þorsteini Konráðssyni segir: “Neðar í túninu eru fornleifar, er mönnum kemur ekki saman um, hvað sé. Það eru sporöskjumyndaðar garðlagsrústir 6x4 ½ faðmur að stærð. Halda sumir fram að þetta muni rústir af gömlum hofgarði eða Lögréttu. Jón Sigurðsson, nú 87 ára, hefir til fjölda ára haldið þessu fram, en ekkert sem ég þekki til heimilda, sannar það. Engin rúst er finnanleg inni í hringnum. Á þetta atriði skal enginn dómur lagður, en vel hefði þetta getað verið gerði til að draga í sundur fé á einhverjum tíma.“ (örnefnaskrá bls. 1). Í annarri örnefnaskrá er garðlagið sagt vera „Dómhringur frá landnámstíð.“

Garðlag þetta er í túni um 190m norðvestur af kirkjunni á Hofi. Það er nánast hringlaga 9x10cm að innanmáli. Veggir eru hæstir til austurs og norðurs um 60cm á hæð en lægri til suðurs og vesturs allt niður í 20cm að stærð. Garðlagið er algróið en liggur í sléttu túni. Hlið virðist hafa verið á því til suðurs en rof er einnig í garðinn norðanverðan.


Könnunarskurður var tekinn í gegn um garðlagið austanvert og nokkrir borkjarnar voru teknir inni í tóftinni til að reyna að ákvarða notkun hennar.

#### Skurður 1:

Skurður var tekinn í austanverðan „dómhringinn“. Skurðurinn lá austur-vestur og var 1,3m langur og 70cm breiður. Í skurðinum kom fram undir grasrót veggur [4] sem í voru þykkan linsur af hvítu gjósku, líklega H1104. Veggurinn hefur fallið inn á við til vesturs. Hann hefur verið reistur nánast beint ofan á þykku hvítu gjóskulagi (H1104). Innan garðs (vestan) var grjótmelur beint neðan hvítu gjóskunnar en engin merki voru um gólflag af neinu tagi. Austan veggjar var óljós svört gjóskudreif (H1766?) sem virtist liggja upp að veggnum.



**Túlkun:** Veggurinn er hlaðinn eftir 1104, e.t.v. skömmu eftir að sú gjóska féll. Sé svarta gjóskudreifin sem lá austan garðs H1766 hefur garðurinn líklega verið aflagður fyrir þann tíma. Engin merki voru um að garðurinn hafi verið endurbyggður.



### Kjarnabor – jarðlagalýsing:

**K1:** N601857,789 A439640,784

Tekið í dómhringsvegg austanverðan. Um 20cm undir grasrót kom fram torfveggur sem var um 20cm þykkur. Í veggnum voru þykkar linsur af ljósri gjósku. Komið var niður á jökulmel á 50cm dýpi.

**K2:** N601860,927 A439635,328

Tekinn inni í dómhringnum norðanverðum. Undir grasrót var komið niður á rauðleita mold en engin merki fundust um torf eða aðra mannvist.

**K3:** N601855,857 A439635,908

Tekinn inni í dómhringnum miðjum á 15cm dýpi var komið niður á fast. Ekki sáust nein merki gólflags.

**K4:** N601853,926 A439631,417


Tekinn sunnanvert inni í dómhringnum. Beint undir grasrót kom fram rótað rauðleitt lag, líklega rótað torf. Beint undir því var dökkt þétt lagskipt lífrænt lag um 4cm á þykkt. Svört gjóskudreif var í meintu gólfagi. Undir því á 25cm dýpi var komið niður á fast.

**Túlkun:** Garðurinn er hlaðinn eftir 1104 en engin gjóska fannst ofan hans þannig að ekki var hægt að ákvarða efri mörk. Hann liggur skammt ofan jökulmels og þau merki um „gólf“lag sem fannst innan garðs bendir til að um einhverskonar aðhald fyrir skepnur sé að ræða.



Mynd 5. Horft yfir svokallaðan Dómhring í Hofstúni, bær og kirkja í baksýn.

## Tjörn á Skaga



Mynd 6. Yfirlitsteikning af minjum við Laxárvatn. Staðsetningar borkjarna eru merktar inn á myndina.

Við Laxárvatn í landi Tjarnar eru leifar áttýrindar torfhlaðinnar réttar, svokallaðrar Klittaréttar. Réttin var byggð og í notkun á 20. öld en er nú aflögð. Í nágrenni hennar eru hinsvegar leifar fornrar réttar og tófta sem engar sögur fylgja aðrar en að réttin mun hafa verið kölluð Nautarétt. (Munnleg heimild: Sveinn Sveinsson fyrrum bóndi, Tjörn)


### Skurður 1:

Skurður 1 var tekinn í austur langvegg svokallaðrar nautaréttar. Skurðurinn lá norðvestur-suðaustur og var 1m langur og 50cm á breidd. Undir grasrót var óhreyfð fokmold [2]. Um 10cm undir grasrót kom fram 50cm hár torfveggur [3] sem virðist hafa hrunið inn í réttina. Í torfinu voru allt upp í 5cm þykkar linsur af hvítri gjósku, líklega H1104. Einnig voru þar linsur af gráhvítu forsögulegu gjóskulagi sem einnig fannst í skurði 2. Undir veggnum er 5cm þykkt óhreyft fokmoldarlag en neðan þess Landnámslagið svokallaða, tvískipt gjóskulag óhreyft, dökkt að ofan grænt undir. Engin gjóska fannst yfir veggnum. Vísbendingar voru um endurbyggingu réttarinnar en hún hefur verið gerð með samskonar torfi og upprunalega hefur verið byggt úr.

**Túlkun:** Réttin er byggð eftir 1104 og er vísast fornt mannvirki en engin merki fundust um gjósku yfir henni þannig að ekki var hægt að ákvarða aldurinn nánar.

Klittarétt í landi Tjarnar, Skaga  
Skurður 1, norðursnið í réttarvegg

23.09.2009  
Teikn.: GZ, GSS




*Skurður 2:*

Skurður 2 var tekinn í litla tóft sem lá efst og nyrst á tóftasvæðinu. Hann var tekinn í vesturvegg tóftarinnar og var 1,3m að lengd, 50cm að breidd og 80cm djúpur. Nánast beint undir grasnót kom fram torfveggur með þykkum linsum af hvítri gjósku, líklega H1104. Um

Tjörn, Skaga  
Skurður 2 - suðursnið í tóftavegg

24.09.2009  
Teikn.: GZ, GSS



1-2cm þykkt óhreyft fokmoldarlag lá undir veggnum niður á hvítt óhreyft gjóskulag sem líklega er H1104. Neðan þess virtist vera lagskiptur mýrarjarðvegur og undir honum komu

tvö forsöguleg gjóskulög. Það efra gráhvítt um 5cm að þykkt og það neðra gult um 3-7cm þykkt. Til vesturs frá veggnum var um 20cm þykktrótað lag með fokmold og torfflekkjum.

**Túlkun:** Tóftin er reist eftir 1104, e.t.v. stuttu eftir en engin gjóska lá yfir tóftinni sem afmarkað hefði efri aldursmörk.

### **Kjarnabor – jarðlagalýsing**

**K1:** Kjarni var tekinn í gólf réttarinnar. Um 10cm undir grasrót var komið niður á rótað lag með torfflygsum niður á 40cm þar sem komið var niður á stein. Í torfinu voru þunnar linsur af ljósri gjósku.

**K2:** Tekinn í gólf byggingar sem virtist vera með uppreistar fjóshellur. Um 7cm undir grasrót var komið niður á 25cm þykkt torflag með ljósri grófri gjósku, líklega úr þekju. Undir því lagi var lagskipt gólflag með móösku og feitum ljósum lífrænum leifum. Efst var um 0.5cm þykkt móöskulag en undir því nokkur lög blönduð móösku og kolum. Lagið var um 15cm þykkt. Á 65cm dýpi var komið niður á óhreyft.

**K3:** Tekinn í gólf tóftar sem virðist líkust híbýlum manna. Á 5cm dýpi undir grasrót var torfbunki 28cm á hæð, líklega hrun úr vegg eða þekju. Í torfinu voru linsur af ljósri gjósku. Á 48cm dýpi undir torfinu var svo um 7cm þykkt gólflag. Efst var lagið þéttar og einungis móaska en neðri hluti þess eilítið lausari blanda af móösku og kolum. Gólflagið lá ofan á óhreyfðu.

**K4:** Kjarni var tekinn í vegg smá kofa nyrst á svæðinu. Beint undir grasrót kom fram rótaður jarðvegur sem ekki virtist óhreyfður. Um 15cm undir grasrót kom fram torf í vegg og var veggurinn 25cm að þykkt. Í torfinu voru þunnar linsur af ljósri gjósku. Óhreyfð jarðlög lágu undir torfinu á 50cm dýpi.

**K5:** Tekinn í móanum milli tófta. Á um 20cm dýpi var ljós gróf gjóska, um 2cm að þykkt. Komið niður á fast á 30cm dýpi.

**K6:** Kjarni tekinn í gólf kofatóftar (K4) Beint undir grasrót kom fram rótað torf sem í var ljós gjóska. Torflagið náði niður á 35cm dýpi en þar virtist komið niður á óhreyft. Ekki var hægt að greina gólflag í tóftinni.

**K7:** Tekið í gólf réttartóftarinnar. Á 20cm dýpi var komið niður á jökulmel. Í kjarnanum var dökk gróðurmold en ekki var hægt að greina eiginleg gólflög.

Einnig voru tveir kjarnaborar teknir í mýri sunnan minjasvæðisins. Þar kom ljós gjóska fram á 21 og 25cm dýpi.



Mynd 7. Skurður tekinn í forna rétt, svokallaða Nautarétt, við Laxárvatn. Í baksýn er Klittarétt sem byggð var og notuð á 20. öld.

**Túlkun:** Allir kjarnar og könnunarskurðir sem teknir voru benda til byggðar eftir 1104. Engin gjóska fannst ofan torfveggja eða í gólfum. Í tveimur tóftanna sem kjarni var tekinn í komu fram góflög í íveruhúsum manna. Þarna hefur því verið búið til forna, ef til vill hefur þarna verið sel eða útbú tengd sértækri nytjun svo sem nautgriparækt.



## Selvíkurtangi í Kaldranalandi

Upp af Selvík, austast á Selvíkurtanga, nyrst í Kaldranalandi eru greinileg mannvirki og mannvist. Minjarnar eru syðst á tanganum austanverðum og liggja á sjávarbrún og brýtur sjórinn stöðugt af þeim. Ein tóft er þarna og er hún syðst þeirra mannvistarleifa sem fundust á nesinu.

Tóftin er nánast hringlaga, veggir eru ávalir og mynda bolla ofan í tóftina um 70sm djúpur. Hún er 9x6m að utanmáli. Veggur að utan til norðausturs er rofinn og sér í móöskulag í rofinu. Innbrún veggja er einnig nokkuð rofin. Grjót sést í veggjum inní tóftinni en að öðru leyti er hún gróin.

### Aðrar upplýsingar

Í Árbók Ferðafélagsins frá 2007 segir: „Norðan á Digramúla er sléttur, gróinn hjalli, Baskivellir, Baskavellir eða Berkisvellir, nafnið hugsanlega tengt erlendum sjómönnum af suðlægum ströndum (bls.10). Engar heimildir hafa fundist um tilurð örnefnisins og ábúendur könnuðust einungis við örnefnið Berkisvelli og því óvíst hvort að það tengist minjunum á nesinu.






Í Selvík voru skoðuð tvö snið sem myndast hafa við jarðvegsrof í rústir á svæðinu.

**Snið 1** lá norðvestur-suðaustur í norðausturhluta einu vel greinanlegu tóftarinnar á svæðinu. Í sniðinu vor mjög glöggar mannvistarleifar þar á meðal kola og móöskuleifar sem benda til að menn hafi hafst þarna við. Þarna er því líklegast um að ræða leifar verbúða þar sem menn hafa dvalið við sjósókn. Eftir endilöngu sniðinu neðst var gjóskulagið H1104 óhreyft. Það var allt upp í 2cm þykkt og hefur greinilega fallið á þýft landslag. Merki um kol og móösku var að finna í sniðinu öllu nánast beint yfir gjóskulaginu sem kann að vera vísbending um að þar hafi verið hafin starfsemi skömmu eftir að það lag féll. Í vestanverðu sniðinu voru leifar eldstæðis en engar eiginlegar veggjaleifar var að sjá. Engin gjóska fannst óhreyfð yfir sniðinu.



**Snið 2** var í suður langhlið mjög óljósrar tóftar. Sniðið var samskonar og snið 1, þykk lög af kolum og móösku beint ofan á H1104 laginu. Enga gjósku var heldur að finna yfir því sniði. Á svæðinu voru nokkur ummerki um hringlaga niðurgrefti einhverskonar. Hið mikla magn kola á svæðinu gæti bent til að um kolavinnslu sé að ræða og að menn hafi nýtt reka úr fjörinni.



## Niðurstöður/samantekt

Við takmarkaða rannsókn líkt og hér um ræðir verður að taka niðurstöðunum með fyrirvara en þær geta þó gefið ágætar vísbendingar um aldur og notkun mannvirkja. Við aldursgreiningar minja er mjög stuðst við vitnisburð gjóskulaga og hefur notkun þeirra gefið góða raun við Byggðasögurannsóknir í Skagafirði. Þar eru helstu leiðarlög Hekla 1104, Hekla 1300 og Hekla 1766. Við rannsóknina í Skagabyggð fannst þykkt grófkorna gjóskulag sem einna helst líktist H1104. Lagið er þó mun þykkara og grófkornóttara en í Skagafirði og mun sýni úr því verða sent til frekari greiningar. Hinsvegar virtist afstaða þess til annarra laga í könnunarskurði í landi Tjarnar geta stutt að um sama lag sé að ræða. Í Heklueldum eftir Sigurð Þórarinsson (bls. 30) er þess einnig getið að H1104 (eða H1 eins og það er líka kallað) sé mun þykkara í Austur-Húnavatnssýslu en austar á norðurlandi. Mynd í bók Sigurðar af jarðvegssniði við Fossá, Skagaströnd, sýnir 1104 eins og það kom fram í könnunarskurðum og kjarnaborum þessarar rannsóknar. Efst undir grasrót á nokkrum stöðum fannst þunnt svart gjóskulag sem líkist mjög H1766 en kann einnig að vera úr Heklu 1693. Á milli H1104 og H1766 fundust hinsvegar engin gjóskulög. Því var örðugra um vik að greina aldur minja en reynst hefur í Skagafirði.

## Stekkjjarhvammur

Miklar minjar eru í landi Höskuldsstaða í svokölluðum Stekkjarhvammi. Þar eru tóftir frá ýmsum tímum og virðast þær flestar vera stekkjartóftir, réttir eða útihús einhverskonar. Vísbendingar voru um mannvist og túngarðurinn bendir til að þarna hafi verið búið en byggð hefur verið aflögð snemma á öldum. Garðurinn er hlaðinn eftir 1104 en fallinn nokkru áður en 1766 féll.

## Hof

Í túni í landi Hofs er hringlaga garðlag sem nefnt hefur verið dómhringur eða lögrétta. Engar heimildir eru um að þingstaður hafi verið á Hofi og því óvíst hvaðan þessi nafngift kemur. Garðlagið er hlaðið eftir 1104, e.t.v. skömmu eftir að það lag féll. Engin gjóska fannst hinsvegar óyggjandi yfir garðinum. Innan garðs var niðurbjappað lífrænt lag ekki ólíkt því sem finna má í skepnuhúsum eða réttum. Lögun garðlagsins virðist einnig styðja að um rétt eða aðhald sé að ræða.

## Tjörn

Við Laxárvatn í landi Tjarnar eru fornar rústir bygginga og réttar sem nefnd hefur verið Nautarétt. Búið hefur verið við Laxárvatn til lengri eða skemmri tíma. Ekki var hægt að greina túngarð við minjarnar og vera kann að um sé að ræða sel eða útbú einhverskonar, e.t.v. tengda nautgriparékt. Ekki var hægt að ákvarða nánar um eftri mörk aldurs en jarðvegsþykkun og útlit minja benda til að þær hafi verið aflagðar löngu áður en 1766 gjóskan féll.

## Kaldrani

Á Selvíkurtanga við Selvík í landi Kaldrana eru leifar verbúða og möguleg ummerki um kolagerð. Vera kann að farið hafi verið að gera út frá Selvík skömmu eftir að 1104 gjóskan

féll en ekki var hægt að ákvarða nánar um efri aldursmörk. Minjarnar eru í mikilli hættu vegna sjávargangs.

Fjöldi minja er að finna í Skagabyggð og miklir möguleikar eru þar til frekari rannsókna. Þar sem að sveitarfélagið hefur samið um að láta skrá allar jarðir innan þess fæst mikilvægt heildaryfirlit yfir minjar, fjölda þeirra, aldur, gerð og ástand. Það er ekki einungis mikilvægt fyrir minjavörsluna og varðveislu minjanna heldur nýtist það einnig við skipulag sveitarfélaga og skipulag og notkun minja og minjasvæða í ferðaþjónustu. Slíkt heildaryfirlit er einnig grundvöllur fyrir ýmiskonar frekari byggðasögulegar og fornleifafræðilegar rannsóknir.

## Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 8. bindi. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn 1926. (**JÁM VIII**)

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga. (2008). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga. 2009/88.

Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson. (2008). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Hof og Steinnýjarstaðir*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga. 2009/89.

Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga. (2008). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Tjörn, Hafnir og Kaldrani*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga. 2009/90.

*Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 I. Húnavatnssýsla*. Safn til landfræðisögu Íslands, 1950. Akureyri. (**SS**)

Hof (Ártal ekki skráð). Höf. óskráður. Örnefnastofnun Íslands. (**ÖSH**)

Hof á Skagaströnd (Ártal ekki skráð). Handrit Þorsteins Konráðssonar. Örnefnastofnun Íslands. (**ÖSHS**)

Jón Torfason (2007). Húnaþing eystra frá jöklum til ystu stranda. *Árbók Ferðafélags Íslands*. Reykjavík. (**JT**)

Sigurður Þórarinnsson. (1968). *Heklueldar*. Sögufélagið. Reykjavík.

Örnefni í Höskuldsstaðalandi. Höfundur ókunnur. Örnefnastofnun Íslands. (**ÖH**)

*Örnefni Tjarnar. Skagahreppur, Austur- Húnavatnssýsla*. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík, 1974. (**ÖKE**)

*Örnefni Tjarnar. Skagahreppur, Austur- Húnavatnssýsla. Athugasemdir og viðbætur*. Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík, 1991. (**ÖAV**)